

inu enn. Eg hverf frá einni til annarar, og verður alt af sú síðasta verri hinum, — svipurinn sá, að eg ann honum ekki.

Eg veit ekki hvað því veldur, að engan embættismann þekki eg, sem mér fellur; óg vissulega vildi eg ekki líkjast þeim mönnum, sem heimurinn kallar lánsama. Vegir þeirra eru ekki mínir vegir, — leiðirnar, sem þeir verða að fylgja, eru djúpt troðnar af samvískulausum og — samvískusömum mönnum. — Í engan stað eru þær of hreinar, og svo er keppnin of stríð og gefur engan tíma til umhugsunar. Eg veit að menn aðgreina eigin samvísku frá embættis samvísku; vel sé þeim, sem það geta. En eðli mannsins, eins og hönd klæðlitarans, ber skjótt vott um verknaðinn; og allir þekkja lögfræðinginn, þegar þeir sjá hann, eða lækurinn eða þjónandi prest. Þeir eru ekki blátt áfram menn, heldur menn af sérstakri tegund, og því ver, ekki eitthvað meira, heldur minna en menn, — menn, er hafa fórnað sjálfsleika sínum, til að verða launuð verkfæri þessara stétta. — Það eru undantekningar, þar sem stórgáfur eiga hlut að máli, en eg er enginn ofviti, og treysti mér alls ekki til að vona, að eg yrði nokkur undantekning. Þannig fer eg heilu hringferðina, og enda þar sem eg byrjaði, í vandræðum. Þú þekkir föður minn, — réttlátari og betri maður hefir aldrei andann dregið; og þó hann sé ekki afburða greindur, þá á hann svo mikið af haldgóðu viti og skilningi, að eg er viss með, að eitthvað er öflugt, fyrst honum geðjast jafn lítið að skoðunum mínum.

Hann gat hlegið að mér, meðan eg var í skóla, eins og þú manst, vegna þess að þessir draumórar mínir, sem hann kallaði, töfðu mig ekki við námið; en nú er öðru máli að gegna, því nú brýnir hann mig með hörku að taka eitthvað fyrir, og er mér það mikil skapraun. „Þú hefir sýnt, að þú átt hæfilegleika“ segir hann, „það er skylda þín að nota þá; og skynsemi mannkynsins hefir sýnt oss, hversu bezt megí beita þeim, og það er með því að taka embætti. Það er því verra en skoplegt af ungum manni eins og þér, að reyna að vera öðruvísi en allir aðrir, og þykjast of góður til þess, sem vorir beztu og vitrustu menn eru að gjöra og hafa gjört. Bræður þínir komast virðulega og vel áfram. Því skyldi þér ekki farnast eins? Það er satt, að